

1900

Fimmtudaginn 26. nóvember 1992.

Nr. 161/1990. **Reynir Guðmundsson og**

Einar Harðarson

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Hróbjarti Jónatanssyni og

Jónatan Sveinssyni

(Jónatan Sveinsson hrl.).

Víxilmál. Fyrning. Stefnubirting. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 20. mars sama ár samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Áfrýjað er áritun á áskorunarstefnu, sem gerð var á bæjarþingi Kópavogs 4. desember 1989. Áfrýjendur krefjast sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hin áfrýjaða áritun verði staðfest og þeim dæmdur málskostnaðar úr hendi áfrýjenda.

Ráð og dáð hf. var meðal áfrýjenda, en var tekið til gjaldþrotaskipta 29. júní 1990. Skiptameðferð lauk 16. janúar 1992 með vísun til 120. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Hefur félagið þegar verið afskráð, og féll aðild þess að málinu því niður.

Mál þetta var upphaflega höfðað sem áskorunarmál með stefnu til bæjarþings Kópavogs, sem gefin var út 22. febrúar 1989. Málið var hins vegar þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 16. mars 1989, en vísað frá dómi 30. sama mánaðar með svofelldri áritun á stefnuna: „Hið stefnda hlutafélag er samkvæmt gögnum málsins með skráð heimilisfang í Kópavogi. Greiðslustaður hins umstefnda víxils er hins vegar á Reyðarfirði. Brestur því heimild til að höfða mál þetta hér fyrir bæjarþinginu, og ber því að vísa því frá dómi ex officio. Málskostnaður dæmist ekki. Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.“

Mál þetta var síðan höfðað að nýju fyrir bæjarþingi Kópavogs

með áskorunarstefnu 18. október 1989 á hendur Reyni Guðmundssyni persónulega og sem formanni stjórnar fyrir hönd Ráða og dádðar hf. og Einari Harðarsyni. Var stefnan birt 2. nóvember 1989. Gerðu stefnendur þær dómkröfur, að stefndu yrði gert að greiða þeim skuld, að fjárhæð 105.707 krónur, auk dráttarvaxta og málskostnaðar.

Í stefnu segir meðal annars: „Skuld þessi er skv. 1 vixli, að fjárhæð kr. 105.707, út gefnum þann 13. 6. 1988 af Einari, en samþykktum til greiðslu af stefnda Ráð og dádð hf., 13. 8. 1988 í Landsbanka Íslands hf., Reyðarfirði, og ábektur af stefnda Reyni. Vixillinn er framseldur af útgefanda og án afsagnar.“

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Kópavogs 9. nóvember 1989. Þing var ekki sótt af hálfu áfrýjenda, og var málið tekið til áritunar að kröfu stefndu. Hinn 4. desember 1989 ritaði Ólafur Helgi Árnason, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, eftirfarandi á stefnuna: „Stefnukröfur máls þessa og kr. 23.061 í málskostnað, þ. m. t. sölu-skattur, eru aðfararhæfar frá dagsetningu áritunar þessarar.“

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ljósrit af áskorunarstefnu og stefnubirtingarvottorðum máls þess, er þingfest var í Reykjavík 16. mars 1989 og vísað þar frá dómi 30. sama mánaðar. Af stefnunni sést, að ætlunin hefur verið að þingfesta málið í Kópavogi, en ekki Reykjavík, og er áfrýjendum hér fyrir dómi stefnt þar til bæjarþings. Þá kemur fram, að ekki hefur tekist að birta þessa stefnu fyrir Einari Harðarsyni og hún er samkvæmt birtingarvottorði aðeins birt fyrir Reyni Guðmundssyni fyrir hönd fyrirtækisins, en ekki persónulega.

Af hálfu áfrýjenda er því haldið fram, að samkvæmt 2. mgr. 70. gr. vixillaga nr. 93/1933 hafi vixilréttur verið fyrndur gagnvart þeim, er síðari stefnan til bæjarþings Kópavogs var birt þeim, en gjalddagi vixilsins var 13. ágúst 1988, eins og að framan greinir.

Af hálfu stefndu er á því byggt, að samkvæmt 71. gr. vixillaga hafi fyrningu vixilsins verið slitið með birtingu fyrri stefnunnar. Samkvæmt 5. mgr. þeirrar greinar hafi þá hafist nýr fyrningarfrestur.

Eins og áður segir, var áfrýjendum stefnt fyrir bæjarþing Kópavogs með hinni fyrri áskorunarstefnu. Málið var hins vegar af óskýrðum ástæðum tekið fyrir og þingfest á bæjarþingi Reykja-

víkur. Þar var því svo vísað frá dómi, þar sem hið stefnda hlutafélag væri með skráð heimilisfang í Kópavogi og greiðslustaður víxilsins væri á Reyðarfirði. Í frávísunaráritun dómara var ekki vikið að því, að stefnt væri fyrir bæjarþing Kópavogs.

Þessi málsmeðferð á bæjarþingi Reykjavíkur á sér enga lagastoð og er marklaus. Það eru því ekki skilyrði til að líta svo á, að fyrningu hafi verið slitið með birtingu fyrri stefnunnar samkvæmt 1. mgr. 71. gr. víxillaga, enda kom málið ekki til meðferðar í rétti í skilningi 5. mgr. sömu greinar.

Þegar síðari áskorunarstefnan var birt, voru liðnir tæpir 15 mánuðir frá gjalddaga hins umrædda víxils. Víxilkröfur stefndu á hendur áfrýjendum voru því fyrndar samkvæmt 2. mgr. 70. gr. víxillaga. Kemur þá ekki til álita, með hvaða hætti þessar tvær áskorunarstefnur voru birtar.

Samkvæmt framansögðu verða áfrýjendur sýknaðir af kröfum stefndu. Rétt þykir, að stefndu greiði áfrýjendum 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð :

Áfrýjendur, Reynir Guðmundsson og Einar Harðarson, skulu vera sýknir af kröfum stefndu, Hróbjarts Jónatanssonar og Jónatans Sveinssonar.

Stefndu greiði áfrýjendum 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i

Hrafns Bragasonar hæstaréttardómara.

Fyrningu víxils er samkvæmt 1. mgr. 71. gr. víxillaga slitið með stefnubirtingu. Í atkvæði meiri hluta Hæstaréttar er frá því skýrt, að stefnubirting máls þess, er þingfest var á bæjarþingi Reykjavíkur 16. mars 1989, tókst ekki, að því er Einar Harðarson varðar, og var því víxilréttur fyrndur gagnvart honum, þá er síðara málið var höfðað. Hins vegar þykir ekki skipta máli, þótt vottorð stefnuvotta beri ekki með sér, að fyrra málið sé einnig höfðað gegn Reyni Guðmundssyni persónulega, þar sem hann fær samkvæmt vottorð-

inu endurrit stefnunnar, og þar kemur þetta fram. Samkvæmt 5. mgr. 71. gr. víxillaga hófst við þessa stefnubirtingu nýr fyrningarfrestur gagnvart honum, og er því víxilréttur á hendur honum ekki fyrndur. Hin áfrýjaða áritun um aðfararhæfi er því staðfest gagnvart honum.

Rétt er, að hver aðili beri sinn kostnað af máli þessu.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Einar Harðarson, skal sýkn af kröfu stefndu, Hróbjarts Jónatanssonar og Jónatans Sveinssonar, í máli þessu.

Hin áfrýjaða áritun um aðfararhæfi er staðfest, að því er varðar áfrýjanda, Reyni Guðmundsson, persónulega.

Hver aðila beri sinn kostnað af áfrýjun máls þessa.
